



Reglur um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts

1.gr

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Skyld er sveitarstjórnnum að setja reglur um beitingu heimildanna. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Rangárþingi eystra eru birtar með reglum þessum sbr. 7. gr. reglugerðar 1160/2005.

2.gr

Félög eða félagasamtök í Rangárþingi eystra, sem eiga húsnæði þar sem eingöngu fer fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs-, tómstunda- og/eða mannúðarstarf, hafa heimild til að sækja um styrk til greiðslu fasteignaskatts. Sé hluti fasteignar notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarrekstur eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði eru fasteignagjöld lögð á m.t.t. slíkrar notkunar og styrkur til greiðslu fasteignaskatts aðeins veittur í hlutfalli við nýtingu húsnæðisins.

3.gr

Aðeins skráðir eigendur eða forsvarsmenn félaga sem eru skráðir eigendur fasteigna í viðurkenndri menningar-, mannúðar og tómstundastarfsemi geta sótt um styrki.

4.gr

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álöggðum fasteignaskatti og þjónustugjöldum.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

5.gr

Sveitarstjórn er heimilt að fela sveitarstjóra/skrifstofur- og fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum. Heimilt er sveitarstjóra/skrifstofur- og fjármálastjóra að vísa álitamálum til byggðarráðs.



Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

6.gr

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu sveitarfélagsins www.hvolsvollur.is. Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs og lög félagsins þar sem fram koma markmið þess.